

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna viðskiptabréfareglur (60%).

Prófdagur: 5. nóvember 2011 Kl.: 9:00 til 13:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófbloð: 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGGAUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

ÞINGLÝSINGAR (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsörð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. (5%)
 - ___ a. Fjárnám gert í eigninni 13. október 2011, kl. 10:37, barst til þinglýsingar sama dag kl. 14:14.
 - ___ b. Fjárnám gert í eigninni 12. október 2011, kl. 12:47, barst til þinglýsingar sama dag kl. 12:55.
 - ___ c. Fjárnám gert í eigninni 20. september 2011, barst til þinglýsingar 13. október s.á. kl. 12:19.
 - ___ d. Veðskuldabréf, dags. 19. ágúst 2011, barst til þinglýsingar 13. október sama ár kl. 11:27.
2. Gerið stuttlega grein fyrir því hvað felst í hugtakinu þinglýsing og réttaráhrifum þinglýsingar. (10%)

VEÐRÉTTUR (25%)

1. Gerið stuttlega grein fyrir mismunandi merkingu hugtakanna „veð“ og „veðréttur“. (5%)
2. Gerið grein fyrir reglum íslensks veðréttar um útlausnarrétt. Útskýrið m.a. þýðingu þess fyrir veðhafa að geta neytt útlausnarréttar. (10%)
3. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar, eitt stig er dregið frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (10%)

- a) Söluveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu á nafn veðsala í lausafjárnám.

___ Rétt

___ Rangt

- b) Tilgreiningarreglan gildir aðeins um handveð.

___ Rétt

___ Rangt

- c) Það er ekki skilyrði réttarverndar handveðs í viðskiptabréfi að viðskiptabréfið sé áritað um veðsetninguna.

___ Rétt

___ Rangt

- d) 3. mgr. 3. gr. laga 75/1997 um samningsveð gildir um sjálfsvörsluveð í heildarsafni muna, nema þegar veðsali og veðhafi hafa sérstaklega samið um að hún gildi ekki.

___ Rétt

___ Rangt

- e) Veðréttur í almennri fjárkröfu á hendur nafngreindum skuldara öðlast réttarvernd við þinglýsingu á nafn veðsala í lausafjárnám.

___ Rétt

___ Rangt